

STAÐLAR fyrir vistun eða
fóstur barna á vegum
barnaverndaryfirvalda



Barnaverndarstofa 2011

Efnisyfirlit

- 04 **Formáli**
- 08 **Verkferli vistunar eða fósturs**
- 10 **Meginreglur**
- 12 **Hugtök og merkingar orða**

- 15 **I. stig**
Almenn umgjörð vistunar og fósturs.
- 16 1. STAÐALL
Öll laga- og stjórnsýsluleg umgjörð vistunar og fósturs liggur fyrir með skýrum hætti.
- 17 2. STAÐALL
Öll framkvæmd og málsmeðferð í vistunar- og fósturmálum er vönduð.
- 18 3. STAÐALL
Ávallt er val um mismunandi vistunar- og fósturúræði.

- 21 **II. stig**
Ákvörðun og aðdragandi vistunar eða fósturs.
- 22 4. STAÐALL
Barni er aldrei komið í vistun eða fóstur að nauðsynjalausu.
- 23 5. STAÐALL
Við ákvörðun um vistun eða fóstur eru hagsmunir barns ávallt hafðir í fyrirrúmi.
- 24 6. STAÐALL
Vandað er til ákvörðunar um vistun eða fóstur og við val á umsjáraðilum.
- 25 7. STAÐALL
Ráðstöfun barns í vistun eða fóstur er vel undirbúin og lögð er áhersla á að viðhalda eftir föngum stöðugleika í högum þess.

- 27 **III. stig**
Umsjá barns í vistun eða fóstri.
- 28 8. STAÐALL
Öll ytri umgjörð vistunar og fósturs er góð og mætir þörfum barnsins sem þar dvelur.
- 29 9. STAÐALL
Tímabundin vistun eða fóstur varir aldrei lengur en nauðsyn krefur.
- 30 10. STAÐALL
Stuðlað er að umgengni barns í vistun eða fóstri við nákomna.
- 31 11. STAÐALL
Barn í vistun eða fóstri er hvatt og stutt til að taka þátt í ákvörðunum er snerta hagi þess.
- 32 12. STAÐALL
Viðmót og atlæti umsjáraðila við barn á hans vegum einkennist af skilningi, hlýju, virðingu og ábyrgð.
- 33 13. STAÐALL
Tryggt er að börn í vistun eða fóstri njóti grundvallarréttinda.
- 34 14. STAÐALL
Skilvirkt eftirlit er með aðbúnaði og líðan barna í vistun og fóstri.
- 37 **IV. stig**
Lok vistunar eða fósturs; aðdragandi og eftirfylgd.
- 38 15. STAÐALL
Allur undirbúningur fyrir brottför barns úr vistun eða fóstri er vandaður.
- 39 16. STAÐALL
Nauðsynlegur stuðningur er veittur eftir að vistun eða fóstri lýkur.
- 41 **V. stig**
Rannsóknir og árangursmat.
- 42 17. STAÐALL
Rannsóknir eru gerðar á árangri af ráðstöfunum barna í vistun og fóstur.
- 43 **Viðauki**

Formáli

Á undanförunum árum hefur þekkingu á jákvæðum sem neikvæðum áhrifum vistunar barna utan heimilis fleygt fram. Á það við um hvort tveggja; fóstur barns á einkaheimilum og dvöl barns á stofnun í lengri eða skemmri tíma. Rannsóknir benda til þess að ráðstöfun barns utan heimilis sé oft farsæl úrlausn fyrir barnið þegar aðstæður krefjast. Á hinn bóginn getur hún jafnframt verið barni skaðleg og til þess fallin að auka enn á áföll barns og neikvæða lífsreynslu. Þetta á einkum við þegar ekki hefur verið lagður traustur grunnur að ákvörðun og undirbúningi slíkrar vistunar, þegar gæðum umönnunar eða meðferðar barns er ábótavant og þegar eftirfylgd er ófullnægjandi.

Á vettvangi alþjóðasamfélagsins hefur sívaxandi áhersla verið lögð á að tryggja réttindi barna á ýmsum sviðum. Þar hefur Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins gegnt lykilhlutverki, en í honum má finna grundvallarreglur er varða mannréttindi barna. Sáttmálinn er ekki aðeins lýsandi í þeim efnum heldur jafnframt *leiðbeinandi* í þeim skilningi að hann geymir sóknarfæri til að varða vegferð til aukinna réttarbóta í þágu barna sem búa við mismunandi aðstæður á ólíkum tímum. Nýleg *tilmæli Evrópuráðsins til aðildarríkjanna um réttindi barna á stofnunum (2005)*⁵ eru dæmi um þetta.

Tilmæli Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum marka þáttaskil fyrir meira en milljón barna sem alast upp á stofnunum í Evrópu um lengri eða skemmri tíma.¹ Sá sem þetta ritar átti þátt í að semja tilmælin, en markmið þeirra er að virkja ákvæði Barnasáttmálans og gera þau markvissari við þær sérstöku uppeldisaðstæður sem börnum eru búnar á stofnunum, með það að markmiði að treysta mannréttindi og velferð barnanna.

¹) Bragi Guðbrandsson, ritstj.: *Rights of Children at Risk and in Care*, Council of Europe, 2006

Annað alþjóðlegt framlag á þessu sviði er Evrópuverkefnið *Quality4Children*, en markmið þess var að þróa gæðastaðla fyrir umönnun og meðferð barna í vistunarræðum utan heimilis. Gæðastaðlarnir eru árangur samstarfsverkefnis yfir 30 Evrópuríkja og tók Barnaverndarstofa virkan þátt í því starfi. Ástæða er til að vekja athygli á því að staðlarnir eru unnir út frá frásögnum barna á stofnunum, barna í fóstri, kynforeldra, fósturforeldra og starfsfólks á stofnunum sem veittu ómetanlega innsýn í reynsluheim barna sem vistast hafa utan heimilis.

Staðlar fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda sem Barnaverndarstofa gefur út eru ætlaðir til að skilgreina kröfur um verklag, bæta gæði umönnunar og meðferðar og treysta öryggi og rétt barna sem vistuð eru utan heimilis á Íslandi. Þeir koma til viðbótar þeim reglum sem Barnaverndarstofa setti árið 1999 um *Réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu*. Það er von Barnaverndarstofu að staðlar þessir megi reynast öllum þeim sem koma að vistun barna utan heimilis gott veganesti börnunum til hagsbóta.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri

STAÐALL er skilgreining á gæðakröfu eða lýsing á því hvernig vel sé staðið að einstökum verkþætti við vistun barns eða fóstur utan heimilis á vegum **barnaverndaryfirvalda**.

Íslenskir staðlar fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda byggja á:

Barnaverndarlögum nr. 80 frá 2002 og reglugerðum á grundvelli laganna

Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, augl. nr. 18/1992

Tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins 5/2005 um réttindi barna sem vistuð eru langdvölum á stofnunum

Stöðlum FICE, IFCO og SOS Kinderdorf (Quality4Children) um vistun og fóstur barna utan upprunafjölskyldu í Evrópu

Verkferli vistunar eða fósturs er hér skipt í fimm stig og eru gæðastaðlar skilgreindir fyrir hvert stig:

I. stig: Almenn umgjörð vistunar og fósturs

Á þessu stigi eru þrjú staðlar sem taka til þeirrar almennu umgjörðar (laga, reglna, skipulags, stofnana, stjórnsýslu) sem þarf að vera um ráðstafanir barna í vistun eða fóstur utan heimilis.

II. stig: Ákvörðun og aðdragandi vistunar eða fósturs

Á þessu stigi eru fjórir staðlar sem taka til verklags barnaverndaryfirvalda frá því sú hugmynd vaknar hjá barnaverndarnefnd að ráðstafa barni í vistun eða fóstur og þar til vistun eða fóstur hefst; með öðrum orðum hvernig standa skal að mati á þörfum barns, ákvörðunartöku um vistun eða fóstur, gerð áætlunar um meðferð máls, val á umsjáraðila, samningsgerð við umsjáraðila og undirbúning vistunar eða fósturs.

III. stig: Umsjá barns í vistun eða fóstri

Á þessu stigi eru sjö staðlar sem taka til aðbúnaðar og umsjár barns frá því vistun eða fóstur hefst og þar til því lýkur. Gæðakröfur staðlanna taka til tímalengdar umsjár, tengsla barns og umgengni við aðstandendur, aðstæðna umsjáraðila, viðmóts hans og atlætis gagnvart barni, réttinda barns og eftirlits barnaverndaryfirvalda.

IV. stig: Lok vistunar eða fósturs; aðdragandi og eftirfylgd

Á þessu stigi eru tveir staðlar sem taka annars vegar til alls undirbúnings að því að barn yfirgefi umsjáraðila og hins vegar þess stuðnings sem því er veittur eftir að vistun eða fóstur lýkur.

V. stig: Rannsóknir og árangursmat

Þetta stig og staðallinn, sem er einn, tekur til rannsóknar og mats á því hvort tilætlaður árangur hafi náðst með ráðstöfun barns í vistun eða fóstur, í því skyni að betrubæta verklag barnaverndaryfirvalda varðandi fóstur og vistun.

Rauð ljós – eftirlit

Tengd hverjum staðli eru skilgreind viðvörunarmerki, svokölluð „rauð ljós“, sem eru merki þess að framkvæmd standist ekki gæðakröfuna sem staðallinn lýsir. Eftirlit hefur þann tilgang að tryggja að réttinda barna í vistun og fóstur sé gætt, að tryggja að tilætlaður árangur náist með vistun eða fóstur barnsins, og að síðustu að betrubæta verklag við vistun og fóstur barna utan upprunaheimilis. Eftirlit á vegum barnaverndaryfirvalda felst í því að bera hina raunverulegu framkvæmd saman við staðlana. Eftirlitið er framkvæmt með því að gæta að þessum viðvörunarmerkjum. Kvikni „rauð ljós“ vekur það spurningar um hvort framkvæmdinni sé áfátt, kallar á skýringu og hugsanlega úrbætur á verklaginu.

Meginreglur lýsa grundvallaratriðum barnaverndar, sem varða vistun og fóstur barns utan heimilis. Þær eiga allar stoð í gildandi barnaverndarlögum, alþjóðlegum sáttmálum og tilmælum sem Ísland á aðild að eða hefur samþykkt.

Fara ber eftir meginreglum þessum á öllum stigum vinnuferlis við vistun eða fóstur barns utan upprunaheimilis.

Barnaverndaryfirvöld, þ.e. velferðarráðuneytið, kærunefnd barnaverndarmála, Barnaverndarstofa og barnaverndar-nefndir, vaka yfir öllu barnaverndarstarfi og tryggja að meginreglnanna sé gætt í hvívetna.

Meginreglur varðandi vistun barns eða fóstur utan heimilis

- 01 Markmið barnaverndaryfirvalda með vistun eða fóstri barns skal vera það eitt að tryggja með sem bestum hætti hagsmuni barns, sem um lengri eða skemmri tíma á þess ekki kost að alast upp hjá foreldrum sínum.
- 02 Barnaverndaryfirvöld skulu tryggja að allar ákvarðanir um vistun eða fóstur barns ráðist af því sem að vel athuguðu máli má ætla að sé barninu fyrir bestu.
- 03 Barnaverndaryfirvöld skulu aldrei koma barni í vistun eða fóstur nema nauðsyn beri til og eftir að fullreynd hafa verið öll önnur úrræði sem tryggt geta hagsmuni barnsins.
- 04 Tímabundin vistun eða fóstur skal vara sem skemmst, vera til reglubundinnar endurskoðunar hjá barnaverndaryfirvöldum og barnaverndaryfirvöld skulu tryggja að allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að barn geti sem fyrst sameinast foreldrum sínum á ný.
- 05 Barnaverndaryfirvöld skulu tryggja að barn sé upplýst á barnvænan og því skiljanlegan hátt um forsendur vistunar eða fósturs, framkvæmd og framtíðaráform.
- 06 Barnaverndaryfirvöld skulu tryggja að sjónarmið barnsins sjálfs varðandi öll atriði vistunar eða fósturs komi fram og að eftir föngum sé tekið tillit til þeirra.
- 07 Barnaverndaryfirvöld skulu í öllum ákvörðunum sínum um vistun eða fóstur taka tillit til aldurs og þroskastigs barns sem í hlut á.
- 08 Barnaverndaryfirvöld skulu í öllum atriðum varðandi vistun eða fóstur barns leitast við að eiga sem víðtækast samráð og samvinnu við foreldra og aðra aðstandendur eftir atvikum.
- 09 Barnaverndaryfirvöld skulu tryggja að allar ákvarðanir varðandi vistun eða fóstur barns séu skjalfestar ásamt rökum, þannig að unnt sé síðar að rekja málsferilinn á tæmandi hátt.
- 10 Barnaverndaryfirvöld skulu tryggja barni leiðir til að bera fram kvartanir á öllum stigum málsins.

Hugtök og merkingar orða sem koma fyrir í stöðlunum

Aðstandendur/nákomnir

Kynforeldrar, upprunafjölskylda og nánustu ættingjar.

Áætlun um meðferð máls

Barnaverndarnefnd gerir skriflega áætlun um beitingu úrræðis í samstarfi við forsjáraðila barns og barn eftir atvikum, sbr. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Barn

Einstaklingur yngri en 18 ára.

Barnaverndaryfirvöld

Velferðarráðuneytið, kærufnd barnaverndarmála, Barnaverndarstofa og barnaverndarnefndir.

Fóstur

Barnaverndarnefnd felur fósturforeldrum umsjá og/eða aðrar forsjáarskyldur barns í að minnsta kosti þrjá mánuði, sbr. XII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. Fóstur getur verið þrenns konar, tímabundið fóstur, styrkt fóstur og varanlegt fóstur, sjá nánar 3. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004.

Handbækur

Barnaverndarstofa gefur út handbækur fyrir barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra annars vegar og hins vegar fyrir starfsmenn meðferðarheimila. Handbækurnar innihalda meginreglur og verklagsreglur en auk þess nánari leiðbeiningar og ráðgjöf um vinnubrögð og vinnuferla.

Rauð ljós

Tengd hverjum staðli eru skilgreind viðvörunarmerki, svokölluð „rauð ljós“, sem eru merki þess að framkvæmd standist ekki gæðakröfuna sem staðallinn lýsir.

Staðall

Skilgreining á gæðakröfu eða lýsing á því hvernig vel sé staðið að einstökum verkþætti við vistun barns eða fóstur.

Undirstaðlar

Nánari útfærsla á stöðlum.

Ungmennni

Einstaklingur frá 18–20 ára sem er í vistun eða fóstri á grundvelli barnaverndarlaga.

Umgengni

Átt er við öll samskipti, svo sem gagnkvæmar heimsóknir, símtöl, bréfaskipti og tölvusamskipti.

Umsjáraðili

Fósturforeldrar, vistforeldrar og þeir sem reka eða starfa á meðferðarheimili eða öðru heimili eða á stofnun fyrir börn sem rekin er á vegum barnaverndaryfirvalda.

Verklagsreglur


Hér er átt við reglugerðir sem ráðherra setur á grundvelli barnaverndarlaga eða sérstakar reglur sem Barnaverndarstofa gefur út fyrir barnaverndarnefndir, meðferðarheimili eða stofnanir á grundvelli barnaverndarlaga. Verklagsreglur vísa til meginreglnanna og eru nánari útfærsla á þeim.

Vistun

Átt er við vistun barns á stofnun eða meðferðarheimili á vegum ríkisins, sbr. XIII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. Einnig er átt við vistun á vistheimili, sambýli, dvöl hjá vistforeldrum í allt að þrjá mánuði eða í öðru úrræði á vegum sveitarfélaga, sbr. XIV. kafla sömu laga.

Vistunar- og fósturáætlun

Átt er við nánari útfærslu á áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Barnaverndarnefnd gerir skriflega áætlun í samráði við umsjáraðila, forsjáraðila og barn, ef við á, sem felur í sér lýsingu á því hvaða leiðir skulu farnar til að ná settum markmiðum með vistun eða fóstri, sbr. 33. gr. sömu laga.



I. STIG

Almenn umgjörð vistunar og fósturs

Á þessu stigi eru þrjú staðlar sem taka til þeirrar almennu umgjörðar (laga, reglna, skipulags, stofnana, stjórnsýslu) sem þarf að vera um ráðstafanir barna í vistun eða fóstur utan heimilis.

1. STAÐALL

Öll laga- og stjórnsýsluleg umgjörð vistunar og fósturs liggur fyrir með skýrum hætti.

UNDIRSTAÐLAR

- a. Stofnanir sem bera ábyrgð á vinnslu vistunar- og fósturmála eru starfræktar með þeim hætti sem lög og reglugerðir kveða á um.
- b. Stjórnkerfi á þessu sviði er skilvirkt og verkaskipting skýr.
- c. Almennar verklagsreglur varðandi vistun og fóstur barna liggja fyrir og hafa verið kynntar.
- d. Viðeigandi fræðsla og þjálfun fyrir umsjáraðila sem taka börn í vistun eða fóstur er aðgengileg.
- e. Virkt eftirlitskerfi er með vistun og fóstur og stendur það sérstaklega vörð um réttindi barna.
- f. Tölfræðilegum upplýsingum um vistun og fóstur er safnað og þær greindar.

RAUÐ LJÓS

- a. Lögbundnar stofnanir eru ekki til eða starfa ekki í samræmi við lög og verklagsreglur.
- b. Hlutverk innan stjórnkerfis eru óskýr eða verkaskiptingu ekki fylgt.
- c. Nauðsynlegar verklagsreglur eru ekki til, eru úreltar eða óskýrar.
- d. Nauðsynleg fræðsla fyrir umsjáraðila er óaðgengileg.
- e. Eftirlitskerfi er ekki til eða óvirkt
- f. Tölfræðilegum upplýsingum er ekki haldið til haga né úr þeim unnið.

Ábyrgð bera velferðarráðuneytið, Barnaverndarstofa, sveitarstjórnir og barnaverndarnefndir.

2. STAÐALL

Öll framkvæmd og málsmeðferð í vistunar- og fósturmálum er vönduð.

UNDIRSTAÐLAR

- a. Barnaverndaryfirvöld fara eftir öllum almennum kröfum stjórnáslulaga og sértækum kröfum barnaverndarlaga, reglugerða og reglna í öllum aðdraganda og allri framkvæmd vistunar- og fósturmála.
- b. Barnaverndaryfirvöld hafa á að skipa sérfróðum aðilum eða kalla þá til í því skyni að tryggja eftir föngum að málsmeðferð sé fagleg og jafnan sé gripið til þeirra ráðstafana sem ætla má að séu barni fyrir bestu.
- c. Fagmenntað og reynt starfslið, sátt við starfsskilyrði sín og kjör, sinnir barnaverndarstörfum.
- d. Barnaverndaryfirvöld skrá kerfisbundið allt málsferli vistunar- og fósturráðstafana þannig að eftir á sé unnt að finna tæmandi skýringar og röksemdir fyrir hverjum þætti þess.
- e. Barnaverndaryfirvöld varðveita málsskjöl með tryggilegum hætti í hæfilegan tíma.
- f. Barnaverndaryfirvöld hraða öllum undirbúningi vistunar og fósturs svo sem kostur er.

RAUÐ LJÓS

- a. Framkvæmd vistunar og fósturs er ekki í samræmi við barnaverndarlög, verklagsreglur eða almennar málsmeðferðarreglur stjórnáslulaga.
- b. Ekki er tiltæk nauðsynleg sérfræðipækning á öllum þáttum barnaverndarstarfs. Sérfróðir aðilar á sviði vistunar- og fósturmála eru ekki tiltækir eða ekki kallaðir til.
- c. Umsjáraðilar hafa ekki viðeigandi menntun, þjálfun né reynslu. Mikil starfsmannavelta er í barnaverndarstörfum og við umsjá barna í vistun eða fóstri. Starfslið við barnavernd og umsjá barna í vistun eða fóstri er óánægt með starfsskilyrði sín og önnur kjör.
- d. Málsferli vistunar- eða fósturmála er ekki skráð á fullnægjandi hátt.
- e. Málsferli vistunar- eða fósturmála er ekki skráð á fullnægjandi hátt.
- f. Ástæðulausar tafir eru á undirbúningi vistunar/ fósturs.

Ábyrgð bera velferðarráðuneytið, Barnaverndarstofa, sveitarstjórnir og barnaverndarnefndir.

3. STAÐALL

Ávallt er val um mismunandi vistunar- og fósturúrræði.

UNDIRSTAÐLAR


- a. Barnaverndaryfirvöld hafa yfir að ráða mismunandi vistunar- og fósturúrræðum bæði í fjölskyldumhverfi og á stofnunum til að mæta einstaklingsbundnum þörfum barns.
- b. Barnaverndaryfirvöld hafa yfir að ráða nægilega mörgum vistunarúrræðum sem eru fyrirvaralaust tiltæk í bráðatilvikum, en biðtími barns eftir öðrum vistunar- og fósturúrræðum, frá því ákvörðun er tekin, er að jafnaði ekki lengri en tveir mánuðir.
- c. Barnaverndarstofa hefur yfirsýn yfir tiltæk vistunar- og fósturúrræði hverju sinni og hefur samráð við barnaverndarnefndir við val á þeim.

RAUÐ LJÓS

- a. Barn sem þarf á vistun eða fóstri að halda hefur ekki val um mismunandi kosti.
- b. Barnaverndaryfirvöld hafa ekki yfir að ráða vistunarúrræðum fyrir barn í bráðatilvikum. Bið er eftir vistun í bráðatilvikum. Bið eftir vistunar- og fósturúrræðum er lengri en tveir mánuðir.
- c. Barnaverndarstofa hefur ekki yfirsýn yfir þau vistunarúrræði sem til eru hverju sinni né nýtingu þeirra. Barnaverndarnefnd kvartar yfir að fá ekki fullnægjandi aðstoð Barnaverndarstofu við val á hentugu vistunar- eða fósturúrræði.

Ábyrgð bera Barnaverndarstofa og barnaverndarnefnd.





II. STIG

Ákvörðun og aðdragandi vistunar eða fósturs

Á þessu stigi eru fjórir staðlar sem taka til verklags barnaverndaryfirvalda frá því sú hugmynd vaknar hjá barnaverndarnefnd að ráðstafa barni í vistun eða fóstur og þar til vistun eða fóstur hefst; með öðrum orðum samningsgerðar við umsjáraðila og undirbúnings vistunar eða fósturs.

4 . STAÐALL

Barni er aldrei komið í vistun eða fóstur að nauðsynjalausu.

UNDIRSTAÐLAR

- a. Barnaverndarnefnd hefur fullreynt öll þau almennu úrræði til stuðnings fjölskyldu og barni sem geta tryggt hagsmuni barnsins áður en til vistunar eða fósturs kemur.
- b. Barnaverndarstofa yfirfer, áður en kemur til vistunar eða fósturs sem hún á aðild að, hvort viðeigandi vægari stuðningsúrræði barnaverndarnefndar séu fullreynd og röksemdir barnaverndarnefndar fyrir því að vistun eða fóstur þjóni hagsmunum barnsins best.

RAUÐ LJÓS

- a. Barnaverndarnefnd ráðstafar barni í vistun eða fóstur að nauðsynjalausu, án þess að vægari viðeigandi stuðningsúrræði séu fullreynd.
- b. Barnaverndarstofa lætur hjá líða að kalla eftir upplýsingum frá barnaverndarnefnd sem varpa fullnægjandi ljósi á vinnslu máls áður en kemur til vistunar eða fósturs sem stofan á aðild að.
Í tölulegum gögnum Barnaverndarstofu kemur fram áberandi munur á hlutfallslegri tíðni vistunar- og fósturráðstafana milli einstakra barnaverndarumdæma.

Ábyrgð bera barnaverndarnefnd og Barnaverndarstofa sem einnig hefur eftirlit.

5. STAÐALL

Við ákvörðun um vistun eða fóstur eru hagsmunir barns ávallt hafðir í fyrirrúmi.

UNDIRSTAÐLAR

- a. Barnaverndarnefnd sýnir fram á með rökum að ætla megi að hagsmunir barns verði ekki betur tryggðir með öðrum hætti en að því verði komið í vistun eða fóstur.
- b. Barnaverndarnefnd lætur alla aðra hagsmuni vikja fyrir hagsmunum barns þegar ákveðið er að setja það í vistun eða fóstur.
- c. Í ákvörðun barnaverndarnefndar um vistun eða fóstur barns felst aldrei nein mismunun þess og annarra barna í sömu aðstæðum hvað kynferði varðar, kynþátt, húðlit, félagslegan eða þjóðlegan uppruna, skoðanir, tungumál, eignir, trúarbrögð, fötlun eða nokkuð annað sem tengist stöðu barnsins eða foreldra þess.

RAUÐ LJÓS

- a. Ekki fer fram könnun á högum barns áður en ákvörðun um vistun eða fóstur er tekin eða hún er gerð með ófullnægjandi hætti.
- b. Í skriflegum gögnum barnaverndarnefndar koma ekki fram fullnægjandi rök fyrir ákvörðun hennar um að koma barni í vistun eða fóstur. Í skriflegum gögnum barnaverndarnefndar er ekki sýnt fram á að ákvörðun nefndar þjóni hagsmunum barnsins best.
- c. Sýnt er að önnur sjónarmið en hagsmunir barnsins einir hafa áhrif á ákvarðanir barnaverndarnefndar um vistun eða fóstur.

Ábyrgð ber barnaverndarnefnd en Barnaverndarstofa hefur eftirlit.

6. STAÐALL

Vandað er til ákvörðunar um vistun eða fóstur og við val á umsjáraðilum.

UNDIRSTAÐLAR

- a. Barnaverndarnefnd byggir ákvörðun sína um vistun eða fóstur barns og val á umsjáraðila á vönduðu, heildrænu og þverfaglegu mati á högum og þörfum þess.
- b. Barnaverndarnefnd vegur og metur hvort fóstur barns hjá ættingjum eða vinum kunni að þjóna hagsmunum þess betur en önnur úrræði.
- c. Barnaverndarnefnd stuðlar eftir föngum að fullum skilningi barns á forsendum og þýðingu ákvörðunar um vistun eða fóstur.
- d. Barnaverndarnefnd hvetur barn og aðstandendur til að tjá sig um ákvörðun um vistun eða fóstur og tekur eftir föngum tillit til sjónarmiða þeirra.
- e. Barnaverndarnefnd gerir, er ákvörðun hefur verið tekin um vistun eða fóstur, í samvinnu við barn og forsjáraðila eftir atvikum, vandaða og faglega áætlun um meðferð máls, þar sem markmið eru skilgreind og kveðið er á um tímalengd og endurskoðun.
- f. Barnaverndarnefnd sækir skriflega um vistun eða fóstur fyrir barn til Barnaverndarstofu þegar við á þar sem gerð er grein fyrir aðdraganda umsóknar og velur í samráði við hana þann umsjáraðila sem best er talinn mæta þörfum barnsins.
- g. Barnaverndarnefnd velur barni, ef um tímabundna ráðstöfun er að ræða, umsjáraðila sem næst heimahögum þess til að auðvelda tengsl við fyrra umhverfi og aðstandendur.
- h. Barnaverndarnefnd finnur systkinum vistun eða fóstur saman ef aðstæður leyfa, en styrkir ella sérstaklega tengsl þeirra og samvistir.
- i. Barnaverndarnefnd velur barni umsjáraðila þar sem viðeigandi skólavist, heilbrigðisþjónusta og önnur nauðsynleg samfélagsþjónusta er tiltæk og aðgengileg.

RAUÐ LJÓS

- a. Ákvörðun um vistun og val á umsjáraðila er í samræmi við mat á þörfum barns. Ekkert val er um mismunandi umsjáraðila. Fagaðilar eru ósammála um ráðstöfun barns.
- b. Barnaverndarnefnd metur ekki hvort fóstur hjá ættingjum eða vinum kunni að þjóna hagsmunum barnsins best.
- c. Barn er ekki upplýst á barnvænan hátt um stöðu og feril máls.
- d. Barni er ekki gefinn kostur á að tjá sig um áform um vistun eða fóstur, og einkum á þetta við hafi barn náð tólf ára aldri.
- e. Barnaverndarnefnd gerir ekki áætlun um meðferð máls eða áætlunin er ekki fullnægjandi. Barnaverndarnefnd hefur ekki samráð við forsjáraðila barns um gerð áætlunar um meðferð máls, né um val á umsjáraðila. Barn er ekki samþykkt ráðstöfun barnaverndarnefndar. Aðstandendur barns eru ekki samþykkir ráðstöfun barnaverndarnefndar.
- f. Barnaverndarnefnd hefur ekki samráð við Barnaverndarstofu um ráðstöfun barns í vistun eða fóstur.
- g. Barn er vistað eða fóstrað langt frá heimahögum án gilda raka.
- h. Systkin eru ekki vistuð eða fóstruð saman eða ekki er gert ráð fyrir umgengni þeirra dvelji þau á mismunandi stöðum.
- i. Barn er vistað eða fóstrað þar sem það á ekki greiðan aðgang að viðeigandi skóla eða annarri nauðsynlegri samfélagsþjónustu.

Ábyrgð bera barnaverndarnefnd og Barnaverndarstofa sem einnig hefur eftirlit.

7. STAÐALL

Ráðstöfun barns í vistun eða fóstur er vel undirbúin og lögð er áhersla á að viðhalda eftir föngum stöðugleika í högum þess.


UNDIRSTAÐLAR

- a. Barnaverndarnefnd lætur umsjáraðila í té allar þær upplýsingar sem að gagni koma, til að auðvelda barni aðlögun. Barn og forsjáraðilar fá sömuleiðis upplýsingar um umsjáraðila.
- b. Barnaverndarnefnd býr barn vel og án ónauðsynlegra tafa undir viðskilnað við aðstandendur og fyrir komu þess á nýjan stað, helst með reynsludvöl eða heimsóknunum.
- c. Barnaverndarnefnd gerir í upphafi vistunar eða fósturs skriflegan samning um ráðstöfunina við umsjáraðila, forsjáraðila og barn ef við á.
- d. Barnaverndarnefnd undirbýr umgengni barns og aðstandenda þess af kostgæfni. Barnaverndarnefnd gerir rökstuddar tillögur um umgengni barns við foreldra og aðra nákomna ef við á, gengur frá skriflegum samningi við þann sem umgengni á að njóta og getur um þann samning í vistunar- og/eða fóstursamningi. Barnaverndarnefnd úrskurðar um umgengni ef ekki tekst að gera skriflegan samning við þann sem umgengni á að njóta og gætir í því efni vel að réttarstöðu allra aðila í úrskurðarmálinu.
- e. Barnaverndarnefnd gerir, er ákvörðun hefur verið tekin um vistun eða fóstur, í samvinnu við barn, forsjáraðila og umsjáraðila og í samræmi við áætlun um meðferð máls, vandaða og faglega vistunar- eða fósturáætlun. Í vistunar- eða fósturáætlun eru markmið skilgreind, leiðum að þeim lýst og tilgreind er tímalengd, umgengni og endurskoðun ráðstöfunarinnar ef við á.
- f. Barnaverndarnefnd leggur ríka áherslu á að sami starfsmaður hennar fylgi máli barns eftir frá upphafi til enda.

RAUÐ LJÓS

- a. Barnaverndarnefnd upplýsir umsjáraðila ekki eða ekki nægilega vel um hagi barnsins. Barnaverndarnefnd upplýsir ekki barn og forsjáraðila um umsjáraðila eða gerir það ekki nægilega vel.
- b. Vistun eða fóstur hefst með of skömmum fyrirvara til að nauðsynlegur undirbúningur geti átt sér stað. Tveir mánuðir eða lengri tími líður frá því barnaverndarnefnd tók fyrir sitt leyti ákvörðun um vistun eða fóstur og þar til hún/ það hefst. Kvartanir koma fram yfir samstarfi milli barnaverndarnefndar, umsjáraðila og aðstandenda vegna undirbúnings vistunar eða fósturs.
- c. Skriflegur samningur um vistun eða fóstur er ekki gerður við umsjáraðila eða samningurinn er ófullkominn.
- d. Skriflegt fyrirkomulag um umgengni liggur ekki fyrir.
- e. Barnaverndarnefnd gerir ekki vistunar- eða fósturáætlun eða hún er ekki fullnægjandi.
- f. Skipt er um starfsmann barnaverndarnefndar sem annast ráðstöfun barns í vistun eða fóstur.

Ábyrgð bera barnaverndarnefnd og Barnaverndarstofa sem hefur eftirlit.



III. STIG

Umsjá barns í vistun eða fóstur

Á þessu stigi eru sjö staðlar sem taka til aðbúnaðar og umsjár barns frá því vistun eða fóstur hefst og þar til því lýkur. Gæðakröfur staðlanna taka til tímalengdar umsjár, tengsla barns og umgengni við nákomna, aðstæðna umsjáraðila, viðmóts hans og atlætis gagnvart barni, réttinda barns og eftirlits barnaverndaryfirvalda.

8. STAÐALL

Öll ytri umgjörð vistunar og fósturs er góð og mætir þörfum barnsins sem þar dvelur.

UNDIRSTAÐLAR

- a. Umsjáraðili, sem Barnaverndarstofa eða barnaverndarnefnd fær barn til vistunar eða fósturs, uppfyllir skilyrði fyrir leyfisveitingu, hefur orðið sér úti um tilskilda þjálfun, hefur gilt starfsleyfi og starfar í samræmi við lög og verklagsreglur.
- b. Umsjáraðili, sem Barnaverndarstofa eða barnaverndarnefnd fær barn til vistunar eða fósturs, býr við félagslegt öryggi og fjárhagslegan stöðugleika.
- c. Umsjáraðili sem tekur barn í vistun starfar á faglegum grunni og er þess umkominn að beita viðurkenndum aðferðum gagnvart vanda barna.
- d. Umsjáraðili, sem tekur barn í vistun og, ef við á, starfslið á hans vegum, býr yfir góðri og víðtækri þekkingu á börnum og reynslu af umsjá þeirra. Umsjáraðili, sem tekur barn í vistun, og ef við á, starfslið á hans vegum, sækir sér handleiðslu og nauðsynlegan faglegan stuðning til að geta rækt hlutverk sitt.
- e. Umsjáraðili vandar val á starfsfólki og skapar því jákvæð vinnuskilyrði.
- f. Húsakynni umsjáraðila og ytra umhverfi uppfylla allar almennar öryggis-, gæða- og hreinlætiskröfur.
- g. Hjá umsjáraðila er aðgengi greitt að skóla, heilbrigðisþjónustu og þeim öðrum stofnunum sem barn í vistun eða fóstri þarf að sækja.
- h. Aðbúnaður og atlæti umsjáraðila við barn í vistun eða fóstri er á engan hátt síðra en eðlilegt má teljast í samfélaginu.

RAUÐ LJÓS

- a. Umsjáraðili barns uppfyllir ekki skilyrði til að fá starfsleyfi, hefur ekki orðið sér úti um tilskilda þjálfun, hefur ekki gilt starfsleyfi eða starfar ekki í samræmi við lög og verklagsreglur.
- b. Umsjáraðili býr ekki við fjárhagslegt og/ eða félagslegt öryggi (glímir t.d. við fjárhagsserfiðleika, sjúkdóma, hjónabands-erfiðleika, áföll, tíða flutninga o.þ.h.)
- c. Umsjáraðili beitir ekki viðurkenndum og faglegum aðferðum við að takast á við vanda barna sem eru í umsjá hans.
- d. Umsjáraðili, sem tekur barn í vistun og, ef við á, starfslið á hans vegum, býr ekki yfir nægri þekkingu á börnum og reynslu af umsjá þeirra, og/eða aflar sér ekki viðbótarþekkingar og handleiðslu þegar þess gerist þörf.
- e. Umsjáraðili velur starfsfólk án auglýsingar. Ör skipti eru á starfsliði á vegum umsjáraðila.
- f. Óhöpp, meiðsli, slys eða veikindi eru tíð hjá börnum í vistun eða fóstri.
- g. Umsjáraðili útvegar barni í vistun eða fóstri ekki æskilega eða nauðsynlega sérfræði-aðstoð. Ferðir í skóla, heilsugæslu eða til annarra stofnana, sem barn í vistun eða fóstri þarf að sækja, eru tímafrekar og/eða ótryggar.
- h. Barn í vistun eða fóstri kvartar yfir aðbúnaði. Aðstandendur barns í vistun eða fóstri kvarta yfir aðbúnaði þess.

Ábyrgð ber umsjáraðili, en Barnaverndarstofa og barnaverndarnefnd hafa eftirlit.

9. STAÐALL

Tímabundin vistun eða fóstur varir aldrei lengur en nauðsyn krefur.

UNDIRSTAÐLAR

- a. Barnaverndarnefnd gætir þess að tímabundin vistun eða fóstur vari aldrei lengur en nauðsyn krefur.
- b. Barnaverndarnefnd gerir skriflegan samning um vistun eða fóstur, þar sem kveðið er á um tímamörk og, ef við á, endurskoðun þeirra með reglulegu millibili.
- c. Barnaverndarnefnd gerir aldrei samning um tímabundna vistun eða fóstur til lengri tíma en eins árs í senn.
- d. Barnaverndarnefnd endurnýjar ekki samning um tímabundna vistun eða fóstur oftari en einu sinni, nema að því hnígi sterk rök.
- e. Barnaverndarnefnd gerir ekki samning um varanlegt fóstur fyrr en eftir hæfilegan reynslutíma.
- f. Barnaverndarnefnd rýfur vistun eða fóstur ef sýnt þykir og fullreynt að markmiðin, sem stefnt var að með því, náist ekki.
- g. Barnaverndarnefnd styður forsjáraðila barns í tímabundinni vistun eða tímabundnu fóstri í því skyni að sameina barnið fjölskyldu sinni að nýju svo fljótt sem unnt er.

RAUÐ LJÓS

- a. Tímabundin vistun eða fóstur varir lengur en ástæða er til. Tímabundin vistun eða fóstur er ekki endurskoðað með reglulegum hætti. Ekki er staðið við tímamörk í samningi um vistun eða fóstur. Barni og eða forsjáraðilum þess finnst vistun eða fóstur vara of lengi.
- b. Tímamörk vistunar eða fósturs koma ekki fram í skriflegum samningi.
- c. Tímabundin vistun eða fóstur er ákveðið til lengri tíma en árs í senn.
- d. Samningur um tímabundna vistun eða fóstur er margendurnýjaður.
- e. Samningur um varanlegt fóstur er gerður án reynslutíma.
- f. Vistunar- eða fósturráðstöfun er fram haldið þó sýnt sé að hún leiði ekki til þess árangurs sem að var stefnt.
- g. Barnaverndarnefnd veitir ekki forsjáraðilum barns í vistun eða tímabundnu fóstri þann stuðning sem nauðsynlegur er til að sameina megi barnið að nýju fjölskyldu sinni sem fyrst.

Ábyrgð ber barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni en eftirlit hefur Barnaverndarstofa.

10. STAÐALL

Stuðlað er að umgengni barns í vistun eða fóstri við nákomna.

UNDIRSTAÐLAR

- a. Barnaverndarnefnd tryggir að til sé skriflegur samningur eða úrskurður um umgengni, að hann sé málsaðilum kunnur og að eftir honum sé farið.
- b. Umsjáraðili veitir foreldrum barns í vistun eða fóstri reglulega upplýsingar um hagi og þroska barnsins. Umsjáraðili örvar foreldra barns og aðra nákomna eftir atvikum til þátttöku í tímamótaviðburðum í lífi þess meðan það dvelur í vistun eða fóstri.
- c. Barnaverndarnefnd styður foreldra og aðra nákomna til að rækja áformaða umgengni við barn meðan á vistun eða fóstri þess stendur, með ráðgjöf og/eða með því að greiða kostnað verði ekki af umgengni að öðrum kosti.
- d. Barnaverndarnefnd afnemur ekki umgengni barns í vistun eða fóstri við sína nánustu eða takmarkar hana verulega, nema umgengnin sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins eða ósamrýmanleg markmiðunum með vistun eða fóstri. Barnaverndarnefnd reynir, ef hagsmunir barns krefjast þess, að ná samkomulagi um breytt fyrirkomulag á umgengni en úrskurðar um breytta umgengni ef ekki næst samkomulag.

RAUÐ LJÓS

- a. Ekki liggur fyrir skriflegur samningur eða úrskurður um umgengni. Barni í vistun eða fóstri, þeim sem umgengni eiga að njóta og/eða umsjáraðila er ekki ljóst hvaða fyrirkomulag gildir um umgengni. Ekki er farið eftir samningi eða úrskurði um umgengni.
- b. Umsjáraðili lætur hjá líða að upplýsa foreldra um hagi barns í vistun eða tímabundnu fóstri og hvetja þá til umgengni, m.a. þátttöku í tímamótaviðburðum.
- c. Þeir sem umgengni eiga að njóta fá ekki æskilegan eða nauðsynlegan stuðning barnaverndarnefndar til að rækja þá umgengni sem umsamin er og talin er barni fyrir bestu.
- d. Umsamin umgengni barns í vistun eða tímabundu fóstri við sína nánustu er takmörkuð með óþörfum eða ólögumætum hætti. Látið er hjá líða að breyta umgengnisfyrirkomulagi þegar sýnt er að þess er þörf.

Ábyrgð bera barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni, umsjáraðili þess, foreldrar þess og aðrir nákomnir, en eftirlit hefur Barnaverndarstofa.

11. STAÐALL

Barn í vistun eða fóstri er hvatt og stutt til að taka þátt í ákvörðunum er snerta hagi þess.

UNDIRSTAÐLAR

- a. Barnaverndarnefnd og umsjáraðili upplýsa barn í vistun eða fóstri á viðeigandi hátt á hverjum tíma um forsendur ráðstöfunarinnar, aðstæður, horfur og áform nefndarinnar með henni.
- b. Barnaverndarnefnd og umsjáraðili hvetja og styðja barn í vistun eða fóstri til að láta í ljós skoðanir á högum sínum og þessir aðilar taka eftir föngum tillit til óska þess og sjónarmiða.
- c. Barnaverndarnefnd grípur til viðeigandi ráðstafana ef barn í vistun eða fóstri, sem orðið er 15 ára, afturkallar samþykki sitt fyrir ráðstöfuninni eða krefst þess að ráðstöfun falli niður.
- d. Fulltrúi barnaverndarnefndar á með reglulegum hætti einslegar viðræður við barn, sem nefndin hefur ráðstafað í vistun eða fóstur, m.a. til að fylgjast með líðan þess og aðbúnaði og meta hvort ráðstöfunin virðist ná tilgangi sínum.

RAUÐ LJÓS

- a. Barn í vistun eða fóstri hefur ekki verið upplýst á viðeigandi hátt um hagi sína og aðstæður.
- b. Barn í vistun eða fóstri tekur ekki þátt í umræðum þar sem fjallað er um málefni þess, þó það sé til þess fært. Barn í vistun eða fóstri kvartar yfir að ekki sé hlustað á sjónarmið sín. Ekki kemur fram í gögnum barnaverndarnefndar að leitað hafi verið eftir viðhorfum barns varðandi ákvarðanir um fyrirkomulag og framkvæmd vistunar eða fósturs.
- c. Ekki er brugðist við afturköllum 15 ára barns á samþykki sínu við ráðstöfun eða kröfu barnsins um að ráðstöfun falli niður.
- d. Fulltrúi barnaverndarnefndar á ekki einslega fundi með börnum sem nefndin hefur ráðstafað í vistun eða fóstur.

Ábyrgð bera barnaverndarnefnd og umsjáraðili en eftirlit hefur Barnaverndarstofa.

12. STAÐALL

Viðmót og atlæti umsjáraðila við barn á hans vegum einkennist af skilningi, hlýju, virðingu og ábyrgð.

UNDIRSTAÐLAR

- a. Umsjáraðili uppfyllir þær kröfur sem lög, verklagsreglur og þjónustusamningar gera til hans varðandi viðmót, atlæti og samskiptahætti gagnvart barni á hans vegum.
- b. Umsjáraðili sýnir barni á hans vegum virðingu, þolinmæði og skilning. Hann hlustar á sjónarmið þess og tekur eftir föngum tillit til þeirra. Hann sýnir því hlýju og leitast við að koma á gagnkvæmu trausti og trúnaði þeirra í milli. Hann kemur heiðarlega fram við barn á hans vegum, styrkir jákvæða þætti í fari þess og heldur uppi eðlilegum aga og reglufestu. Hann kemur á allan máta fram sem ábyrgur uppalandi gagnvart barni á hans vegum, verndar það, vakir yfir líðan þess og bregst á ábyrgan hátt við þörfum þess.
- c. Umsjáraðili fylgist grannt með líðan barns á hans vegum, þroska þess, heilsufari, skólagöngu, hann bregst á ábyrgan hátt við frávikum og kallar eftir mati og aðstoð sérfróðra aðila þegar ástæða er til.
- d. Umsjáraðili vinnur í samræmi við vistunar- eða fósturáætlun og kappkostar að ná markmiðum hennar.
- e. Umsjáraðili er í nánu samstarfi við barnaverndarnefnd þá sem ráðstafar barni til hans og upplýsir hana samviskusamlega um þróun barnsins.

RAUÐ LJÓS

- a. Umsjáraðili uppfyllir ekki þær kröfur sem lög, verklagsreglur og þjónustusamningar gera til hans varðandi viðmót, atlæti og samskiptahætti gagnvart barni á hans vegum. Barn í vistun eða fóstri og/eða aðstandendur þess kvarta yfir viðmóti, atlæti og/eða samskiptaháttum gagnvart því.
- b. Barn í vistun eða fóstri kvartar yfir að sér sé ekki sýnd virðing, þolinmæði né skilningur og ekki sé tekið tillit til sjónarmiða þess. Það kvartar yfir að sér sé ekki sýnd hlýja, verðskuldað traust og trúnaður. Það kvartar yfir uppeldisaðferðum umsjáraðila. Það kvartar yfir að ekki sé brugðist við þörfum þess. Árekstrar eru tíðir, uppreisnir og/eða stök úr vistun eða fóstri koma endurtekið fyrir.
- c. Barni í vistun eða fóstri vegnar illa í námi; það mætir stopult eða ekki í skóla og sýnir ekki þann árangur sem við má búast, án þess að brugðist sé á réttan hátt við. Það er einangrað félagslega, tekur ekki þátt í félagslífi annarra barna né tómsundastarfi án þess að brugðist sé á réttan hátt við. Það er lagt í einelti, því er misboðið og illa komið fram við það án þess að brugðist sé við á réttan hátt. Það sýnir augljós merki vanlíðunar án þess að brugðist sé við á réttan hátt.
- d. Umsjáraðili starfar ekki í samræmi við fyrirliggjandi vistunar- eða fósturáætlun.
- e. Kvartanir koma fram yfir samstarfi umsjáraðila og barnaverndaryfirvalda.

Ábyrgð ber umsjáraðili en eftirlit hafa barnaverndarnefnd og Barnaverndarstofa.

13. STAÐALL

Tryggt er að börn í vistun eða fóstri njóti grundvallarréttinda.

UNDIRSTAÐLAR

- a. Barnaverndarnefnd og umsjáraðili kynna barni í vistun eða fóstri sannanlega og á viðeigandi hátt hver réttindi þess eru í þessari aðstöðu og hvernig það getur borið fram kvartanir, finnst því brotið gegn réttindum sínum.
- b. Umsjáraðili er hefur barn í vistun skal setja almennar húsreglur í samráði við Barnaverndarstofu.
- c. Umsjáraðili sem hefur barn í vistun hefur gildandi reglur um réttindi barna, um beitingu þvingunar og húsreglur, ef við á, ávallt aðgengilegar fyrir börn og eftir atvikum foreldra
- d. Umsjáraðili virðir í hvívetna gildandi reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar og fer eftir þeim. Hann niðurlægir ekki barn í vistun eða fóstri og beitir það ekki ofbeldi. Hann verndar og ver barn á hans vegum fyrir mismunun, ofbeldi, einelti og hvers konar illri meðferð.
- e. Umsjáraðili beitir barn í vistun eða fóstri aldrei þvingun né takmarkar frelsi þess nema brýna nauðsyn beri til og þá í fyllsta samræmi við gildandi reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar.
- f. Umsjáraðili tryggir barni í vistun eða fóstri skjótan og óhindraðan aðgang að barnaverndarfulltrúa sínum og að barn sem telur á rétti sínum brotið geti óhindrað beint kvörtun til Barnaverndarstofu.
- g. Barnaverndarstofa og barnaverndarnefnd tryggja rétt barns í vistun eða fóstri til að kvartanir þess séu kannaðar faglega, ítarlega og brugðist við þeim með skilvirkum hætti í samræmi við gildandi reglur um eftirlit með vistun og fóstri og um meðferð kvartana.

RAUÐ LJÓS

- a. Barni í vistun eða fóstri hafa ekki verið kynnt réttindi sín með viðeigandi hætti. Barn í vistun eða fóstri veit ekki hvernig né við hvern það getur borið fram kvartanir, finnst því brotið gegn réttindum sínum.
- b. Umsjáraðili hefur ekki sett almennar húsreglur eða sett reglur án samráðs við Barnaverndarstofu.
- c. Reglur um réttindi barna, um beitingu þvingunar eða húsreglur eru ekki aðgengilegar barni í vistun eða fóstri.
- d. Barn í vistun eða fóstri, eða aðstandandi þess, kvartar yfir meiðandi framkomu í þess garð, og/ eða að brotið hafi verið gegn réttindum þess af umsjáraðila eða öðrum. Barn í vistun eða fóstri kvartar yfir að það hafi verið niðurlægt, beitt ofbeldi, þvingun, frelsisskerðingu eða illri meðferð, af umsjáraðila eða öðrum.
- e. Umsjáraðili beitir barn í vistun eða fóstri þvingunaraðgerðum, án þess að færð verði fullnægjandi rök fyrir nauðsyn þess og/eða beitir þeim með öðrum hætti en reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar gera ráð fyrir.
- f. Umsjáraðili torveldar eða tefur að barn á hans vegum geti haft samband við barnaverndarfulltrúa sinn. Umsjáraðili torveldar eða tefur að barn geti komið kvörtun á framfæri við aðstandendur, barnaverndarnefnd eða Barnaverndarstofu. Óljóst er hvaða aðili annast málefni barns fyrir hönd barnaverndarnefndarinnar sem ráðstafaði því í vistun eða fóstur, eða barnið þekkir hann ekki.
- g. Barnaverndarstofa og barnaverndarnefnd fara ekki að gildandi reglum um eftirlit með vistun og fóstri né um meðferð kvartana. Kvartanir barns í vistun eða fóstri eru ekki teknar alvarlega, eða þær leiða ekki til rannsóknar, eða rannsókn er ekki vönduð, eða ekki er brugðist við niðurstöðum rannsóknar með skilvirkum hætti og í samræmi við lög og verklagsreglur.

Ábyrgð bera umsjáraðili, Barnaverndarstofa og barnaverndarnefnd. Barnaverndarstofa og barnaverndarnefnd hafa eftirlit.

14. STAÐALL

Skilvirkt eftirlit er með aðbúnaði og líðan barna í vistun og fóstri.

UNDIRSTAÐLAR


- a. Barnaverndaryfirvöld sinna almennu eftirliti sínu með umsjáraðilum og sérstöku eftirliti með aðbúnaði og líðan einstakra barna í vistun og fóstri í samræmi við lög, reglur um eftirlit og þjónustusamninga.
- b. Barnaverndarstofa og barnaverndarnefndir skrá með markvissum hætti allar nauðsynlegar upplýsingar um umsjáraðila, ráðstafanir barna utan heimilis og hvernig þær ganga.
- c. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í vistun og fóstur fylgist reglulega og náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái settum markmiðum.
- d. Barnaverndarstofa hefur náið eftirlit með aðbúnaði og líðan barna í vistun á hennar vegum, m.a. með reglulegum heimsóknum óháðs aðila sem ekki gegnir öðrum hlutverkum gagnvart umsjáraðila, svo sem ráðgjöf eða yfirumsjón með rekstri úrræðisins.
- e. Barnaverndaryfirvöld bregðast á tafarlausan og skilvirkan hátt við þegar vísbending berst eða fyrir liggur að aðbúnaði og líðan barns í vistun eða fóstri er ábótavant.
- f. Barnaverndarstofa og barnaverndarnefndir endurmeta og eftir atvikum rifta vistunar- og fóstursamningum, starfsleyfum og/eða þjónustusamningum ef tilefni er til.

RAUÐ LJÓS

- a. Börnum er ráðstafað í vistun eða fóstur til aðila sem ekki hafa tilskilin leyfi. Eftirlit með börnum í vistun og/eða fóstri er ekkert, ónógt og/eða ekki í samræmi við lög, verklagsreglur og samninga.
- b. Skráning barnaverndaryfirvalda á upplýsingum um umsjáraðila og börn sem ráðstafað er utan heimilis er ekki til eða ófullkomin.
- c. Barn er langtímum í vistun eða fóstri án þess að barnaverndarnefnd fylgist með högum þess eða meti árangur.
- d. Ekkert eftirlit hlutlauss aðila á sér stað.
- e. Ábendingum eða kvörtunum um að vistun eða fóstri sé ábótavant er ekki sinnt, seint er brugðist við þeim og/eða þær eru ekki leiddar til lykta með réttum, formlegum hætti.
- f. Samningar og starfsleyfi eru ekki endurmetin, né er þeim rift þegar ástæða er til.

Ábyrgð bera Barnaverndarstofa og barnaverndarnefnd, en Barnaverndarstofa hefur einnig eftirlit.





IV. STIG

Lok vistunar eða fósturs; aðdragandi og eftirfylgd

Við lok vistunar eða fósturs má gera ráð fyrir að barn fari til foreldra sinna, í aðra vistun, annað fóstur eða fari í sjálfstæða búsetu enda sé það orðið sjálfráða. Staðlarnir í þessum kafla eru tveir og taka til undirbúnings að brottför frá umsjáraðila og þess stuðnings sem barnaverndarnefnd veitir barni eftir að vistun eða fóstur lýkur.

15. STAÐALL

Allur undirbúningur fyrir brottför barns úr vistun eða fóstri er vandaður.

UNDIRSTAÐLAR

- a. Barnaverndarnefnd, umsjáraðili, barn og foreldrar hefja tímanlega undirbúning að brottför barns úr vistun eða fóstri til að búa í haginn fyrir það framvegis.
- b. Vistun eða fóstri barns lýkur með ásætlanlegum hætti, þegar það verður sjálfráða eða þegar barnaverndarnefnd, umsjáraðili, barn og foreldrar eru sammála um að markmið ráðstöfunarinnar hafi náðst með viðunandi hætti.
- c. Barnaverndarnefnd, í náinni samvinnu við barnið, umsjáraðila og eftir atvikum foreldra, gerir vandaða skriflega áætlun um hagi barns eftir að vistun eða fóstri lýkur, þar sem hlutverki hvers þessara aðila er lýst ítarlega.
- d. Áætlun um meðferð máls er tímasett og gerir ráð fyrir endurmati og gerð nýrrar áætlunar ef hagi barns þróast á annan veg en vænst var.
- e. Barnaverndarnefnd og eftir atvikum umsjáraðili undirbúa aðkomu annarra aðila, svo sem stofnana, skóla, vinnuveitenda eða sérfræðinga, að framkvæmd áætlunar um meðferð máls að vistun/fóstri loknu.
- f. Barnaverndarnefnd kappkostar að sami starfsmaður og sinni vistun barnsins eða fóstri fylgi eftir stuðningsáætlunum sem við taka.
- g. Ef vistun eða fóstri lýkur við það að barn verður sjálfráða, þá metur barnaverndarnefnd hvort ráðstöfun skuli framlengd og þá allt að 20 ára aldri eins og barnaverndarlög leyfa.
- h. Umsjáraðili vandar vel viðskilnað sinn við barn sem fer úr vistun eða fóstri.

RAUÐ LJÓS

- a. Undirbúningur að brottför barns úr vistun eða fóstri hefst seint eða er enginn.
- b. Vistun eða fóstri lýkur snögglega og óundirbúið áður en sett markmið hafa náðst. Að lokinni vistun eða fóstri er barn sett í aðstæður og því ætlað að bera ábyrgð sem hæfa ekki þroska þess eða aldri.
- c. Ekki er gerð áætlun á grundvelli barnaverndarlaga um hagi barns að vistun eða fóstri loknu, eða áætlun þessi er ófullkomin eða óraunhæf, ekki gerð í samvinnu við barnið né leitað samvinnu við aðra þar sem þörf krefur. Barn og/eða foreldrar eru ósáttir við áætlun um meðferð máls. Barni er ekki tryggður aðgangur að þeim úrræðum sem eru í áætluninni talin nauðsynleg.
- d. Áætlun gerir ekki ráð fyrir endurmati og gerð nýrrar áætlunar ef hagi barns þróast á annan veg en vænst var eða ef einstakir þættir áætlunarinnar ganga ekki eftir.
- e. Þátttaka stuðningsaðila er ekki tryggð í framkvæmd áætlunar um meðferð máls að vistun/fóstri loknu.
- f. Starfsmaður barnaverndar sem annast málefni barns að vistun eða fóstri loknu er því ókunnur.
- g. Ekki kemur til skoðunar hjá barnaverndarnefnd hvort stuðnings hennar sé þörf fram yfir sjálfræðisaldur eins og barnaverndarlög leyfa.
- h. Barn er ósátt við viðskilnaðinn við umsjáraðila.

Ábyrgð bera barnaverndarnefnd, umsjáraðili og barn. Barnaverndarstofa hefur eftirlit.

16. STAÐALL

Nauðsynlegur stuðningur er veittur eftir að vistun eða fóstri lýkur.


UNDIRSTAÐLAR

- a. Barnaverndarnefnd tryggir að öll nauðsynleg úrræði fyrir barnið séu tiltæk að vistun eða fóstri loknu til að áætlun samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga komi strax til framkvæmda.
- b. Barnaverndarnefnd stuðlar að því að beitt verði úrræðum samkvæmt öðrum lögum en barnaverndarlögum barninu til stuðnings þegar það á við.
- c. Barnaverndarnefnd metur, ásamt barni og foreldrum, ef við á, með reglubundnum hætti hvernig áætlun um meðferð máls að lokinni vistun eða fóstri gengur eftir. Hún endurskoðar og breytir áætlun ef sýnt þykir að hún sé óraunhæf eða leiði ekki að settum markmiðum.

RAUÐ LJÓS

- a. Áætlun á grundvelli barnaverndarlaga kemur ekki til framkvæmda strax við brottför barns úr vistun eða fóstri. Einhver aðili stendur ekki við sinn hluta áætlunar um meðferð máls.
- b. Barnaverndarnefnd lætur hjá líða að leita réttar barnsins samkvæmt öðrum lögum en barnaverndarlögum því til stuðnings.
- c. Áætlun um meðferð máls að lokinni vistun eða fóstri er ekki metin, endurskoðuð eða endurnýjuð þegar þarf.

Ábyrgð bera barnaverndarnefnd, barn/ungmenni og foreldrar eftir atvikum. Barnaverndarstofa hefur eftirlit.



V. STIG

Rannsóknir og árangursmat

Þetta stig og staðallinn, sem er einn, tekur til rannsókna á því hvernig árangur næst með ráðstöfunum barna í vistun eða fóstur, í því skyni að betrumbæta verklag barnaverndaryfirvalda varðandi þess konar ráðstafanir.

17. STAÐALL

Rannsóknir eru gerðar á árangri af ráðstöfunum barna í vistun og fóstur.

UNDIRSTAÐLAR

- a. Barnaverndarstofa fær óháða fræðimenn til rannsókna á árangri og gæðum vistunar- og fósturúrræða á hennar vegum.
- b. Barnaverndarstofa kynnir niðurstöður rannsókna á árangri og gæðum vistunar- og fósturúrræða á hennar vegum og gerir æskilegar umbætur á grundvelli þeirra.

RAUÐ LJÓS

- a. Ekki eru gerðar vandaðar rannsóknir á árangri og gæðum vistunar og fósturs á vegum Barnaverndarstofu.
- b. Niðurstöður fræðilegra rannsókna á árangri og gæðum vistunar og fósturs eru ekki kynntar og/eða ekki eru gerðar umbætur í samræmi við þær.

Ábyrgð ber Barnaverndarstofa.

Viðauki

Áður hefur verið getið um þau lög og alþjóðasáttmála/tilmæli sem staðlarnir eru byggðir á. Eftirfarandi er listi yfir þær verklagsreglur sem staðlarnir eiga sér einnig stoð í:

- Reglugerð um Barnaverndarstofu nr. 264/1995 (verður endurskoðuð)
- Reglugerð um Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglínga nr. 271/1995, sbr. gr. nr. 474/1998 (verður endurskoðuð)
- Reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 56/2004
- Reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 652/2004
- Reglugerð um fóstur nr. 804/2004
- Reglur um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila undir yfirstjórn Barnaverndarstofu frá árinu 2001 (verða endurskoðaðar)
- Reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu frá árinu 1999

